

Tillögur frá fornminjafélagi Súgandafjarðar vegna Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða

Fornminjafélag Súgandafjarðar óskar eftir samstarfi við Ísafjarðarbæ við að bæta aðgengi að sjóbúðinni Ársól í Staðárdal í Súgandafirði auk vinnu við gerð og uppsetningar upplýsingaskilta við sjóbúðina og í bænum.



Ásamt því að hlaða og smíða sjóbúð hefur verið komið upp hjalli og gömlum árabát á svæðinu. Hugsunin er að með þessari vinnu verði til áningastaður þar sem aðkomufólk og heimamenn geti komið, notið fagurs útsýni og fræðst um sjósókn vestfirðinga á árum áður.



- A) Sjóbúðin Ársól
- B) Upplýsingaskilti
- C) Bílastæði

Við óskum hér með eftir því að bærinn komið að gerð bílastæðis auk vinnu og kostnaðar við gerð og uppsetningu upplýsingaskiltis á svæði B og C eins og sjá má á mynd hér fyrir ofan. Bílastæðið væri fyrir u.þ.b 3 bíla og skiltið og frágangur lágstemmt og í takt við náttúruna.

Auk upplýsingaskiltis við sjóbúðina hefur Fornminjafélagið áhuga á að setja upp nokkur skilti í Súgandafirði sem varpa ljósi á þá sögu og menningarverðmæti sem þar er að finna. T.d. skilti við lónið, skilti um gömlu sundlaugina og sundkennslu í Súgandafirði og skilti við kirkjuna. Svo eitthvað sé nefnt.

F.h. Fornminjafélags Súgandafjarðar

Eypór Eðvarðsson

Þormóður Logi Björnsson